

Matvælaráðuneytið, Skrifstofa sjálfbærni
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, þriðjudagur, 4. apríl 2023
UST202304-025/J.T.
05.00

Efni: Mál nr. 63/2023 – Stöðuskjal og tillögur að aðgerðum um bættu nýtingu lífrænna efna í landbúnaði og landgræðslu

Vísað er til bréfs dags. 10.3.2023 þar sem matvælaráðuneytið sendi Umhverfisstofnun mál nr. 63/2023 – Stöðuskjal og tillögur að aðgerðum um bættu nýtingu lífrænna efna í landbúnaði og landgræðslu til umsagnar.

Umhverfisstofnun fagnar þeim tillögum sem fram eru komnar. Fulltrúar Umhverfisstofnunar tóku þátt í undirbúningi þessa skjals og fundu þar fyrir samhljómi meðal þátttakenda að tilefni væri til breyttrar hugsunar þegar kemur að nýtingu úrgangs.

Athugasemdir við einstök atriði

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við einstök atriði í stöðuskjalinu:

Kafli 3.1 fjallar um stöðu þekkingar. Umhverfisstofnun hefur gefið út leiðbeiningar um fráveitu- og fastefnismeðhöndlun fiskeldisstöðva á landi. Umhverfisstofnun telur það vera til bóta að fjalla um leiðbeiningarnar í kaflanum. Leiðbeiningarnar voru unnar í nánu samráði við Matvælastofnun um endurnota mætti fastefni úr fiskeldi sem jarðvegsbæti á land út frá skilyrðum reglugerðar nr. 674/2017 og annars regluverks. Þar var þó ekki farið náið út í tæknilega meðhöndlun efnisins sem gæti fallið undir skilgreiningu sem aukaafurð frá starfsemi fiskeldisstöðva í stað þess að vera talið úrgangur. Finna má leiðbeiningarnar hér: <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2020/11/13/Leidbeiningaskjal-fraveitu-og-fastefnismedhondlun-fiskeldisstodva-a-landi/>

Í kafla 3.2 er lögð fram sú hugmynd að „ábyrg meðhöndlun sveitarfélaga og rekstraraðila á lífrænum efnum verði viðurkennd sem kolefnisjafnandi aðgerð.“ Ábyrg meðhöndlun rekstraraðila á lífrænum úrgangi og aukin nýting hans eru vel til þess fallin að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Umhverfisstofnun vill þó koma því á framfæri að ólíklegt sé að ábyrg meðhöndlun á lífrænum efnum geti talist sem kolefnisjafnandi aðgerð þar sem nú þegar er til staðar lagaleg skylda til að sinna málaflokknum af ábyrgð. Almennt þarf að sýna fram á að loftslagsávinningur af kolefnisjafnandi verkefnum sé háður því fjármagni sem fæst með sölu kolefniseininga. Ef kolefnisverkefni eru fjármöggnuð með framlögum frá stjórnvöldum eða opinberum styrkjum telst viðbótarkrafan yfirleitt ekki uppfyllt.

Tveir kaflar í röð bera heitið „Kafli 4.“

Kafli 4.1 ber heitið „Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024.“ Hér er vísað til stefnu ráðherra í úrgangsförnum og úrgangsmálum, „Í átt að hringrásarhagkerfi.“ Sú stefna tók við af landsáætlun um meðhöndlun úrgangs sem er því ekki í gildi lengur. Kaflinn ætti því frekar að heita „Í átt að hringrásarhagkerfi.“ Stefnan fjallar ekki aðeins um meðhöndlun úrgangs heldur er hún tvískipt – fyrri hlutinn fjallar um úrgangsförvarnir en sá seinni um meðhöndlun úrgangs. Báðir hlutar stefnunnar eru mikilvægir þegar kemur að bættri nýtingu lífrænna efna í landbúnaði og landgræðslu.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund Matvælaráðuneytisins og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson,
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir,
lögfræðingur